



ÁRSSKÝRSLA

2018-2019



samband íslenskra
framhaldsskólanema

Ávarp formanns

Kæru framhaldsskólanemar, Þetta ár hefur svo sannarlega verið viðburðarríkt fyrir félagið. Við næstum tvöfölduðum fjármagn okkar, bættum við starfsmanni, tókum á stórum verkefnum eins og Menningarþráðum sem fékk mikla athygli, framkvæmdum stóra könnun á sálfræðipjónustu og bættum tengsl okkar við þingheiminn umtalsvert með því að hitta langflesta stjórnmalaflokkana. Félagið er sýnilegra og er erindi þess mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Árið byrjaði með stóra verkefninu „Menningarþræðir“ þar sem einn íslenskur og einn erlendur nemandi úr fjölmörgum skólum komu saman á Hvammstanga yfir helgi og ræddu þar stöðu nemenda af erlendum uppruna. Mjög nytsamlegar niðurstöður komu úr þeirri helgi sem við höfum kynnt vítt og breitt, meðal annars fyrir ráðherrum, þingmönnum og skólameisturum. SÍF stóð einnig fyrir mjög víðtækri könnun sem var lögð fyrir flesta framhaldsskólanemendur í INNU, um sálfræðipjónustu og hvernig nemendum vilja hafa henni háttað. Við sjáum nú í land frá langri baráttu SÍF fyrir gjaldfrjálsi sálfræðipjónustu enda komin í samstarf við bæði heilbrigðis og menntamálaráðuneytið um að koma þessari þjónustu á koll fyrir nemendur. Eftir 3 ár í samningsleysi við Menntamálaráðuneytið, vorum við staðráðin í að ná okkur í samning þetta árið og það tókst! Einnig var fjármagn til félagsins hækkað sem gerði okkur kleift að ráða loksins annan starfsmann til viðbótar við þann eina sem hefur verið undanfarin ár. Sara Þöll Finnbogadóttir, fyrrverandi stjórnarmeðlimur SÍF er gengin til liðs við félagið og nú taka við spennandi tímar með enn fleiri og stærri verkefnum. Í heildina var starfsárið eitt stórt ævintýri fyrir stjórnina, við ferðuðumst á Akureyri fyrir sambandsstjórnarfund, héldum söngkeppni á Akranesi og fluttum skrifstofu SÍF upp í Elliðarárdal. Framtíð félagsins er björt og hlakka ég til að fylgjast með henni. Ég hef lært óendanlega margt, og við í framkvæmdastjórn kynnst frábæru fólki. Það hefur verið sannur heiður að taka þátt í þessu starfi, ég vil þakka meðstjórnendum mínum fyrir þeirra frábæra starf, og framhaldsskólanemum fyrir traustið.

Lengi lifi byltingin.

Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir
Formaður SÍF 2018-2019

EFNISYFIRLIT

1. Samband íslenskra framhaldsskólanema

1.1 Skrifstofa

1.2 Rekstur

2. Þing, fundir & viðburðir

3. Alþjóðastarf

3.1 NSSN

3.2 OBESSU

4. Samstarfsfélög

4.1 LÍS

4.2 LUF

5. LÍN

6. Hvað er framundan

1. Samband íslenskra framhaldsskólanema

Samband íslenskra framhaldsskólanema var stofnað árið 2007. Það er hagsmunafélag allra framhaldsskólanema á Íslandi og eiga nemendafélög 31 af 32 framhaldsskólum landsins aðild að félaginu. Á þeim árum sem SÍF hefur starfað hefur það náð að verða kröftugt þrýstiafl í samfélaginu og helsti tengiliður nemenda við stjórnvöld. Það hefur sýnt sig að samtakamáttur nemenda getur verið mikill þegar mikið liggur við og leggur SÍF áherslu á að skapa vettvang fyrir nemendur til að hittast, ræða málin, taka ákvarðanir og láta rödd sína heyrast. Í gegnum SÍF eiga nemendur fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum á vegum ríkisins sem fjalla um málefni tengd framhaldsskólanemum. Með þeim hætti gætir SÍF hagsmuna nemenda í þeim ákvörðunum sem teknar eru. Einnig á SÍF fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Verkefni félagsins eru afar fjölbreytt og stuðla öll að því að bæta hag nemenda í framhaldsskólum. Má þar nefna árlega aðalfundi og sambandsstjórnarfundi með fulltrúum nemenda allstaðar að af landinu, skrif umsagna við lagafrumvörpum, aðstoð við nemendur og nemendafélög ef upp koma vandamál og þátttaka í verkefnum með öðrum hagsmunafélögum.

Framkvæmdastjórn SÍF 2018 - 2019

- Gunnhildur Friðla Hallgrímsdóttir, Tækniskólanum - formaður
- Ólafur Hrafn Halldórsson, Tækniskólanum - varaformaður
- Hekla Hjaltadóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð - gjaldkeri
- Daníel Þór Nýtt Samúelsson, Framhaldsskólinn á Laugum - jafnréttis- og forvarnarfulltrúi
- Elín Halla Kjartansdóttir, Menntaskólinn í Reykjavík - margmiðlunarstjóri
- Isabelle Kristín Tarbox, Menntaskólinn við Hamrahlíð - alþjóðafulltrúi
- Snæþór Bjarki Jónsson, Menntaskóli Borgarfjarðar - verkefnastjóri

Fulltrúar í ráðum og nefndum

- Fulltrúaráð LUF - Ólafur Hrafn Halldórsson, varaformaður
- Upplýsingafulltrúi í stjórn Landssambands ungmennafélaga (feb 2018 - feb 2019) - Inger Erla Thomsen, fyrrverandi margmiðlunarstjóri i í stjórn SÍF
- Alþjóðafulltrúi í stjórn Landssambands ungmennafélaga (kosin feb 2019) - Sara Þöll Finnbogadóttir, fyrrverandi alþjóðafulltrúi í stjórn SÍF
- Stjórn LÍN - Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Varamaður í stjórn LÍN - Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir, formaður
- Vinnustaðanámssjóður - Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Fulltrúi í vinnuhóp Mennta-og menningarmálaráðuneytisins í málefnum nemenda af erlendum uppruna - Einar Hrafn Árnason, fyrrverandi varaformaður og formaður SÍF
- Æskulýðsráð - Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Stjórn NSSN - Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir, formaður



1.1 Skrifstofa

SÍF hefur frá stofnun félagsins leigt skrifstofuaðstöðu í Hinu húsinu í Reykjavík. Þar til í febrúar 2019 var það til húsa í Pósthússtræti 3-5 en flutti þá að Rafstöðvarveg 7-9 í Elliðaárdal. Í fyrra húsnæði deildi SÍF skrifstofu með Landssambandi ungmennafélaga og Ungum umhverfissinum en er nú með eigið skrifstofurými. Í nýja húsnæðinu er góð fundarðastaða fyrir framkvæmdastjórn auk þess sem hægt er að halda þar stærri viðburði líkt og sambandsstjórnarfundi. Við ákvörðun um að fylgja Hinu húsinu í Elliðaárdal var það metið til kosta að vera þar sem ungmennastarf er í fyrirrúmi auk þess sem fleiri hagsmunafélög yrðu einnig staðsett þar (Landssamband ungmennafélaga, Alþjóðleg ungmennaskipti og Ungir umhverfissinnar). Frá 2012 hefur einn starfsmaður, framkvæmdastjóri, unnið hjá félaginu í 50% starfshlutfalli en núverandi framkvæmdastjóri, Hildur Björgvinsdóttir, hóf störf hjá félaginu 1.september 2014(1). Framkvæmdastjóri vinnur náið með framkvæmdastjórn, sér um daglegan rekstur félagsins, tekur virkan þátt í fjölbreyttum verkefnum þess og afgreiðir erindi sem berast.

Sú ánægjulega breyting varð á í lok ágúst, að ráðinn var verkefnastjóri, Sara Þöll Finnbogadóttir, í 50% stöðu hjá SÍF. Sara sat í framkvæmdastjórn SÍF 2015-2017 og þekkir því félagið afar vel. Þá sat hún í stjórn OBESSU (Organising Bureau of European School Student Unions), regnhlífasamtökum SÍF í Evrópu, 2017 - 2018. Sara mun vinna náið með framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn að skipulagningu viðburða og öðrum verkefnum félagsins.

(1) Var í fæðingarorlofi apríl 2015 - apríl 2016

1.2 Rekstur

Eftir að hafa verið rekið á svokölluðum styrkbréfum síðan í lok árs 2015 fékk SÍF loks endurnýjaðan þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er sá samningur til fimm ára. Auk þess var framlag til félagsins hækkað úr 5,2 milljónum á ári í 9 milljónir en félagið fékk seinast hækkun árið 2012. Samningurinn nú tryggir rekstur þess til lengri tíma og er nú hægt að gera langtímaplön og framfylgja stefnu og framkvæmdaáætlun eins framkvæmdastjórn ber að gera. Stærsti liðurinn í því er ráðning annars starfsmanns en frá 2012 hefur aðeins verið einn starfsmaður, framkvæmdastjóri í 50% hlutalli. Nú hefur verið ráðinn verkefnastjóri í annað 50% hlutfall sem mun meðal annars sjá um undirbúning aðalþings og sambandsstjórnarfundna auk annarra verkefna.

Mun þetta verða mikil og jákvæð breyting fyrir félagið sem hefur undanfarin ár vaxið mikið og aukið sýnileika sinn, ráðist í stærri og umfangsmeiri verkefni og er æ oftast beðið um að veita álit í hinum ýmsu málum. Aðrar tekjur félagsins koma frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og frá árgjöldum sem aðildarfélög SÍF greiða til félagsins. Í byrjun september 2019 var þjónustusamningur við Lánasjóð íslenskra námsmanna endurnýjaður til tveggja ára en samkvæmt honum fær SÍF fær greidda 1,1 milljón árlega frá sjóðnum gegn því að halda úti upplýsingaþjónustu við nemendur um það sem við kemur sjóðnum og úthlutunarreglum.



Samþykkt var á aðalþingi félagsins í september 2017 að tekin yrðu upp árgjöld sem nemendafélögin skulu greiða til SÍF fyrir aðalþing haust hvert og eru þau samanlagt 393.000 kr. Árgjaldið kemur í stað skráningargjalds fyrir aðalþing og sambandsstjórnarfundi og er hugsað sem innkoma upp í kostnað við þá viðburði.

Samanlagðar tekjur félagsins á komandi starfsári verða því tæplega 10,4 milljónir. Stærsti rekstrarliðurinn er launakostnaður en auk hans eru það húsaleiga og kostnaður við árlega fundi félagsins sem vega mest. Önnur verkefni tengd stefnu og framkvæmdaáætlun þarf félagið að fjármagna með utanaðkomandi styrkjum.



2. Þing, fundir & viðburðir

Alls voru haldnir 36 framkvæmdastjórnarfundir, 2 sambandsstjórnarfundir og eitt aðalþing á starfsárinu. Meirihluti nemendafélaga/framhaldsskóla landsins eiga einn eða fleiri fulltrúa nemenda á aðalþingum og sambandsstjórnarfundum sem ávallt standa yfir í tvo daga, laugardag og sunnudag. Það fyrirkomulag er haft í ljósi þess að margir nemendur koma langt að á fundina og því betra að hafa færri fundi og lengri. Leitast er við að hafa gott jafnvægi milli hefðbundinna fundarstarfa, fræðslu/fyrirlestra og umræðna þar sem nemendum gefst tækifæri á að ræða mál líðandi stundar og taka ákvarðanir. Einnig er málefnavinna unnin í hópum.

Framkvæmdastjórnarfundir

Framkvæmdastjórn fundaði að jafnaði einu sinni í viku en sjaldnar á prófatíma og yfir sumarmánuðina. Á fundunum eru fyrirbyggjandi verkefni skýrð og rædd í samræmi við markmið og stefnu félagsins og ákvarðanir teknar. SÍF hvetur nemendur utan höfuðborgarsvæðisins til að bjóða sig fram í framkvæmdastjórn svo raddir og sjónarhorn þess hóps fái enn stærri sess í umræðum og ákvörðunum félagsins. Í ár voru þrjár fulltrúar framkvæmdastjórnar staðsettir á landsbyggðinni, Borgarnesi, Hveragerði og á Laugum. Hinir tveir fyrrnefndu mættu oftast á fundina í Reykjavík en sá á Laugum sat flesta fundi í gegnum fjarfundabúnað.



Aðalþing

Aðalþing SÍF 2018 var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 8. og 9. september. Þingið sóttu um 40 fulltrúar nemenda allsstaðar að af landinu. Meðal þess sem var á dagskrá þingsins, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa, lagabreytinga og kosninga í framkvæmdastjórn, má nefna erindi Hjörleifs Smára Ólafssonar og Ísars Nóa Össurarsonar, nemenda í Flensborgarskólanum, um málefni nemenda með fatlanir. Einnig hélt Najmo F. Finnbogadóttir erindi um það hvernig er að vera nemandi af erlendum uppruna í íslenskum framhaldsskóla. Þá sögðu Hnikarr Bjarmi Franklínsson og Arney Ósk Guðlaugsdóttir, nemendur í Borgarholtsskóla, frá reynslu sinni af því að hafa kynjafræði sem skyldufag í framhaldsskóla. Góðar umræður mynduðust eftir öll erindin og sýndi sig enn og aftur hversu mikilvægt er að skapa vettvang fyrir nemendur til að ræða málin og bera saman bækur sínar. Einnig hélt Ísólfur Haraldsson, framkvæmdaraðili Söngkeppni framhaldsskólanna 2019, kynningu á fyrirkomulagi keppinnar.

Sambandsstjórnarfundur haust 2018

Aðalþing SÍF 2018 var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 8. og 9. september. Þingið sóttu um 40 fulltrúar nemenda allsstaðar að af landinu. Meðal þess sem var á dagskrá þingsins, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa, lagabreytinga og kosninga í framkvæmdastjórn, má nefna erindi Hjörleifs Smára Ólafssonar og Ísars Nóa Össurarsonar, nemenda í Flensborgarskólanum, um málefni nemenda með fatlanir. Einnig hélt Najmo F. Finnbogadóttir erindi um það hvernig er að vera nemandi af erlendum uppruna í íslenskum framhaldsskóla. Þá sögðu Hnikarr Bjarmi Franklínsson og Arney Ósk Guðlaugsdóttir, nemendur í Borgarholtsskóla, frá reynslu sinni af því að hafa kynjafræði sem skyldufag í framhaldsskóla. Góðar umræður mynduðust eftir öll erindin og sýndi sig enn og aftur hversu mikilvægt er að skapa vettvang fyrir nemendur til að ræða málin og bera saman bækur sínar. Einnig hélt Ísólfur Haraldsson, framkvæmdaraðili Söngkeppni framhaldsskólanna 2019, kynningu á fyrirkomulagi keppinnar.

Sambandsstjórnarfundur vor 2019

Seinni sambandsstjórnarfundur ársins fór fram í nýju húsnæði SÍF að Rafstöðvarvegi 7-9 í Elliðaárdal. Húsnæðið hentar einkar vel fyrir slíkan viðburð, góður salur og einnig rými fyrir hópavinnu. Á fundinn komu fulltrúar þingflokka og sátu fyrir svörum nemenda. Rætt var um loftslagsverkfall sem haldið er á föstudögum, Söngkeppni framhaldsskólanna og OBESSU verkefni. Auk þess var tilraun gerð á Hagsmunaskóla SÍF en til stendur að halda hann í fyrsta sinn samhliða aðalþingi SÍF í september 2019.

Fundur með þingflokkum

Haustið 2018 óskaði SÍF eftir fundi með fulltrúum allra þingflokka til að kynna starfsemi félagsins og gera það sýnilegra meðal ráðamanna. Fulltrúar úr framkvæmdastjórn ásamt framkvæmdastjóra funduðu með Samfylkingunni, Pírötum, Vinstri grænum, Sjálfstæðisflokknum, Framsóknarflokknum og Miðflokknum. Fundirnir voru afar upplýsandi fyrir alla aðila og á þeim sköpuðust talsverður umræður um baráttumál SÍF og almennt um hagsmunamál nemenda. Þá sendi SÍF inn umsagnir vegna frumvarpa um félag til almannaheilla, dag nýrra kjósenda og um heimavist á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar félagsins voru boðaðir á nefndarfundum á vegum Alþingis vegna frumvarps um dag nýrra kjósenda og frumvarps um félag til almannaheilla.

Fundir með ráðherrum

Fulltrúar úr framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri funduðu á árinu með nokkrum ráðherrum til að kynna starfsemi félagsins og ræða mismunandi málefni er varða framhaldsskólanemendur. Rætt var við dómismálaráðherra um nemenda af erlendum uppruna, aukna þátttöku og samráð við ungt fólk í málefnum er það varðar við félags- og barnamálaráðherra, sálfræðipjónustu í framhaldsskólum við heilbrigðisráðherra og málefni erlendra nemenda, nemenda með fatlanir og sálfræðipjónustu við forsætisráðherra. SÍF fékk ekki fund með mennta- og menningarmálaráðherra þrátt fyrir beiðni þar um.

Nemendur af erlendum uppruna

Dagana 19.-21.október stóð SÍF fyrir Menningarþráðum á Hvammstanga. Öllum skólum var boðið að senda tvo fulltrúa nemenda til að vinna að málefnum nemenda af erlendum uppruna. Hvatt var til þess að annar fulltrúinn hefði annað móðurmál en íslensku væri því við komið. Alls mættu 25 þátttakendur frá 13 skólum en í ljós kom að þessa sömu helgi var haustfrí í mörgum skólum og því erfitt að finna þátttakendur. Helgin heppnaðist hinsvegar vonum frammar og hafa fulltrúar SÍF kynnt niðurstöður hópsins víða, meðal annars fyrir ráðherrum og skólameisturum. Hafa þær vakið mikil viðbrögð og allir hagsmunaaðilar sýnt mikinn áhuga og vilja til þess að auka samstarf og gera betur fyrir þennan hóp nemenda. Helstu niðurstöður voru þær að nemendur af erlendum uppruna upplifa mikla félagslega einangrun. Helstu ábendingar til stjórnvalda eru þær að nemendur telja skort á íslenskukennslu fyrir byrjendur, þeir óska eftir meira kennsluefni á ensku og fræðslu um íslenska menningu. Þá kom fram að nemendur hafa mikla trú á svokölluðu mentor-eða stuðningsvinaverkefni þar sem íslenskir nemendur eru þeim erlendu innan handar, það krefjist hinsvegar skipulagningu og utanumhalds skólanna.

Sálfræðipjónusta í framhaldsskólum

Undanfarið ár hafa formaður og framkvæmdastjóri SÍF fundað reglulega með fulltrúum bæði mennta-og menningarmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins til að ræða um mögulegar útfærslur á sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanema. SÍF lagði fyrir könnun meðal nemenda þar sem spurt var um hvernig þeir vilja sjá þjónustunni háttað og lögðu ráðuneytin könnun fyrir skólastjórnendur með það fyrir augum að kortleggja þá þjónustu sem þegar er í boði. Verið er að vinna úr niðurstöðum þessarar kannanna og verður samstarfinu fram haldið þegar þær liggja fyrir.

Söngkeppni framhaldsskólanna

Söngkeppni framhaldsskólanna var haldinn í Bíóhöllinni Akranesi þann 14.apríl. Alls tóku 27 skólar þátt og hlaut Aaron Ísak Berry, nemandi í Tækniskólanum sigur úr bítum með flutningi á laginu Love of my life eftir Freddy Mercury. Í öðru sæti var Anna Róshildur Benediktsdóttir, nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð með lagið Súrmjólk í hádeginu eftir Bjartmar Guðlaugsson og í þriðja sæti var fulltrúi Verzlunarskóla Íslands, Diljá Pétursdóttir, sem flutti lagið Creep með ensku hljómsveitinni Radiohead. Á næsta ári, 2020, verður haldin 30.Söngkeppni framhaldsskólanna og verður lagt upp með að halda glæsilega afmæliskeppni.

3. Alþjóðastarf

Árlega er einn meðlimur framkvæmdastjórnar kjörinn alþjóðafulltrúi og heldur viðkomandi utan um samskipti SÍF við önnur félög utan landssteinana. SÍF leggur áherslu á að læra af systrasamtökum sínum erlendis og janframt hafa mótandi áhrif á málaflokkinn á alþjóðavísu. Sambandið er aðili að OBESSU (Organising Bureau of European School Student Unions) sem eru regnhlífarsamtök evrópskra námsmannahreyfingar á framhaldsskólastigi og stofnaðili NSSN (Nordic School Student Network). Framkvæmdastjórnarmeðlimir, sér í lagi alþjóðafulltrúi, sækja viðburði á vegum OBESSU og NSSN.

3.1 NSSN

SÍF er eitt af stofnfélögum NSSN (Nordic School Student Network) sem er samstarfsvettvangur fyrir hagsmunafélög framhaldsskóla á norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum. Á undanförunum árum hefur reynt erfitt að senda fulltrúa SÍF á viðburði á vegum NSSN vegna ferðakostnaðar en reynt er að taka þátt í starfinu í gegnum fjarfundarbúnað eða greiða fyrir fullan ferðakostnað.

Síðastliðinn ágúst sótti Gunnhildur ársþing NSSN í Helsinki, Finnlandi. Mikið var rætt um geðheilbrigðismál og hvað félögin geta gert til að sporna við þeim svakalegu aukningum í andlegri vanlíðan hjá ungmennum og framhaldsskólanemum. Einnig var kjörið í stjórn NSSN á ársþingingu og var Gunnhildur kjörin sem fulltrúi SÍF.

3.2 OBESSU

SÍF hefur ávalt lagt áherslu á mikið og gott samstarf við OBESSU. Framkvæmdastjórn SÍF gefst kostur á að móta bæði innra og ytra starf OBESSU með setu, tillögu- og atkvæðarétti á sambandsstjórnarþingi og aðalþingi félagsins. Einnig gefst aðilarfélögum OBESSU kostur á að eiga fulltrúa í vinnuhópum sem vinna að ýmsum málefnum sem snerta framhaldsskólanemendur t.d. geðheilbrigðismál og gæði náms.

Á liðnu starfsári sóttu fulltrúar SÍF eftirfarandi viðburði á vegum OBESSU

- Council of Members & Extraordinary General Assembly, 17.-18. nóvember 2018, Róm, Ítalía
- Policy Convention on Mental Health: Headstrong School Students, 19.-21. nóvember 2018, Róm, Ítalía
- #PeerPower Staff Seminar, 5.-8. Mars 2019, Brussel, Belgía
- SexEd IQ: Inclusive and quality sex education "What can school students do?", 1.-5. apríl 2019, Búdapest, Ungverjaland
- General Assembly, 22.-23. júní 2019, Madríd, Spánn

Á undanförnum árum hafa einungis fulltrúar framkvæmdastjórnar fengið að sækja viðburði á vegum OBESSU en á þessu starfsári hóf OBESSU verkefni sem kallast „#PeerPower” sem miðar að því að styrkja jafningjafræðslu innan aðildarfélaga sinna. Einn liður í því verkefni er að koma af stað samstarfsvettvangi á milli starfsmanna aðildarfélaga sinna og í mars sótti Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdstjóri SÍF, viðburð á vegum OBESSU ásamt öðrum starfsmönnum aðildarfélaga Evrópusamtakanna. Megináherslur viðburðarins voru að læra hvert af öðru og koma af stað samstarfsverkefni á milli aðildarfélaga.

Í byrjun árs 2018 tilnefndi SÍF Kolfinnu Arndísadóttur, fyrrum nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík, í vinnuhóp OBESSU um geðheilbrigðismál framhaldsskólanema í Evrópu. Vinnuhópurinn vann að könnun og herferð um sama málefni í samstarfi við ESU (European Student's Union). Vinnuhópurinn lauk vinnu sinni í desember 2018.

Sara Þöll Finnbogadóttir, fulltrúi í stjórn SÍF 2015-2017 og sem kosin var í stjórn OBESSU árið 2017 til tveggja ára lauk stjórnarsetu sinni í júní. Hún var þriðji Íslendingurinn til að gegna því hlutverki en OBESSU var stofnað í Dublin á Írlandi árið 1975. Áður höfðu Hreiðar Már Árnason og Laufey María Jóhannsdóttir setið í stjórn OBESSU.

Ferðakostnaður við þá viðburði sem fulltrúar SÍF sækja á vegum OBESSU eru endurgreiddur að fullu. Kostnaður SÍF við alþjóðastarfið er annars vegar árgjald til OBESSU sem er tengt ársveltu félagsins og hefur verið í kringum 100.000kr á ári og hinsvegar 50 evrur skráningagjald fyrir hvern stjórnarmeðlim sem sækir viðburði á vegum OBESSU.



4. Samstarfsfélög

SÍF starfar með öðrum hagsmunafélögum og regnhlífasamtökum hvert starfsár. Sambandið er aðili að Landssambandi Ungmennafélaga og hefur unnið með Landssamtökum íslenskra Stúdentna að loftslagsmálum.

4.1 Landssamtök íslenskra stúdentna

Landssamtök íslenskra stúdentna (LÍS) eru systerasamtök SÍF. Á þessu starfsári unnu félögin, auk annarra félaga, saman að vikulegum loftslagsverkföllum. Hafa háskóla- og framhaldsskólanemendur skrúpað í hádeginu í skólanum alla föstudaga í ótalmargar vikur.

Auk þess að standa saman að loftslagsverkföllum, hafa félögin fengið styrk fyrir samstarfsverkefni frá OBESSU og ESU í gegnum verkefni „Together Moving Forward” og „Seeds for Integration”. Stefnt er að því að halda Hackathon og að það fari fram í Háskólanum í Reykjavík dagana 19.og 20.október. Í hackathoninu skrá sig lið framhaldsskóla - og háskólanema og verðu skilyrði fyrir þátttöku að minnsta kosti einn þátttakandi sé af erlendum uppruna. Liðin munu hlýða á erindi og fá fræðslu um stöðu erlendra nemenda á Íslandi og eiga í framhaldinu að upphugsa verkefni sem bætt geta stöðu nemendahópsins. Veitt verða peningaverðlaun fyrir bestu hugmyndina til að hún komist í framkvæmd.



4.2 Landssamband Ungmennafélaga

SÍF er stærsta aðildarfélag Landssambands ungmennafélaga (LUF) sem eru regnhlífasamtök æskulýðsfélaga á Íslandi og samráðsvettvangur. Inger Erla Thomsen sem gengdi stöðu margmiðlunarstjóra SÍF skólaárið 2016-2017, var í febrúar 2018 kjörin upplýsingafulltrúi í stjórn LUF 2018-2019 fyrir hönd SÍF. Þá hefur Sara Þöll Finnbogadóttir, fyrrverandi verkefnastjóri og alþjóðafulltrúi í stjórn SÍF og nú starfandi verkefnastjóri hjá félaginu, gengt stöðu alþjóðafulltrúa í stjórn LUF frá febrúar 2019. Aðildarfélög LUF eru 30 talsins. „LUF er þverpólitískur samstarfs- og samráðsvettvangur, málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, talar fyrir hagsmunum ungra Íslendinga á alþjóðavettvangi og hefur upplýsingaskyldu að gegna gangvart aðildarfélagunum sínum auk þess að þjónusta þau á margvíslegan hátt.

LUF hefur það að markmiði að vernda og efla réttindi ungs fólks, valdefla ungt fólk í samfélaginu og hvetja til virkrar samfélagsþátttöku þeirra, efla samstarf ungmennafélaga og stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málaflokkinn. LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum (e. European Youth Forum – YFJ).“(2)

Í janúar 2016 stofnaði LUF Leiðtogaskóla Íslands en markmið hans er að efla leiðtogahæfni og valdefla ungt fólk í félagasamtökum. Hafa nokkrir fulltrúar í stjórn SÍF útskrifast úr Leiðtogaskóla Íslands. Ólafur Hrafn Halldórsson, varaformaður SÍF sat í fulltrúaráði LUF á kjörtímabilinu.



LANDSSAMBAND
UNGMENNAFÉLAGA

(2) Upplýsingar fengnar af youth.is 7.9.2019

5. LÍN

SÍF er með þjónustusamning við Lánasjóð Íslenskra námsmanna (LÍN) og er framkvæmdastjóri SÍF fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins. Samkvæmt samningnum skulu félögin meðal annars vera sjóðnum innan handar þegar kemur að því að skoða hvernig best sé að einfalda nauðsynleg samskipti við nemendur og greiðendur t.d. umsóknir, afgreiðslur, upplýsingagjöf, endurgreiðslur eða annað er varðar hagsmuni námsmanna og sjóðsins. Fulltrúar nemendahreyfinganna (SÍNE, SHÍ og BÍSN, auk SÍF) skulu skila inn fullnaðarskýrslu á hverju vori með yfirliti yfir þjónustuna. Þá eiga nemendur tvo fulltrúa í nefnd á vegum sjóðsins sem sér um árlega endurskoðun úthlutunarreglna. Í ár var stigið stórt skref í reglum næsta árs þegar frítekjumarkið hækkaði um 43%, úr 930.000 í 1.330.000 en það hefur verið eitt helsta baráttumál námsmanna undanfarið ár, að fá það hækkað. Það var hinsvegar gert á kostnað annarra baráttumála, svo sem ferðalána fyrir námsmenn erlendis og framfærslulána sem ekki voru hækkuð. Endurskoðun laga um lánasjóðinn hefur staðið yfir undanfarið ár og er reiknað með að það verði lagt fyrir komandi haustþing.



6. Hvað er framundan

Það er margt á döfinni hjá SÍF á komandi skólaári, bæði ný verkefni og önnur sem fram verður haldið frá fyrra starfsári. Ber þar fyrst að nefna svokallað hakkapon sem er samvinnuverkefni SÍF og Landssamtaka Stúdenta (LÍS). Stefnt er að því að það fari fram í Háskólanum í Reykjavík dagana 19.og 20.október.

Þá hefur félagið hafið undirbúning við gerð handbókar um mentorkerfi í framhaldsskólum, þar sem íslenskir nemendur veita félagslegan og í einhverjum tilfellum námsstuðning við nemendur af erlendum uppruna. Undanfarin misseri hafa stjórnendur og annað starfsfólk skólanna ítrekað list yfir vilja sínum til að koma á slíku kerfi en jafnframt tekið fram að óöryggi ríki um hvernig best sé að framkvæma það svo vel sé. SÍF hefur því óskað eftir því að þeir skólar sem hafa verið með mentorkerfi í einhverri mynd sendi SÍF samantekt um verkefnið.

Ekki náðist að framkvæma könnun um aðgengi nemenda með fatlanir að skólabyggingum, menntun og félagslífi í framhaldsskólum á liðnu starfsári eins og vonir stóðu til og verður það því eitt af áherslumálum félagsins á komandi ári.

Árið 2017 lagði framkvæmdastjórn fram frumraun SÍF í stefnumótun og framkvæmdaáætlun. Rétt fyrir aðalþing 2019 var ákveðið að innri skjöl sambandsins yrðu endurskoðuð og þeim breytt. Framkvæmdastjórn samþykkti að stefnuskrá (e. political platform), vinnuáætlun (e. work plan), framkvæmdaáætlun (e. implementation plan) og stefnublöð (e. policy paper) yrðu skrifuð til að skýra starf sambandsins, tryggja samfellu í starfi milli framkvæmdastjórna og styrkja SÍF sem þrýstiafl á stjórnvöld. Drög að þessum skjölum verða lögð fyrir á sambandsstjórnarfundum félagsins í haust..

